

Nd.

408. Breytingartillögur

[106. mál]

við frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
 3. Töluliður í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, enda séu fulltrúar Alþýðusambandsins í nefndinni kjörnir hlutfallskosningu á þingum þess. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.
2. Við 4. gr. bætist:

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 21 21. maí 1964, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.